



Menntaskólinn á Ísafirði

Skýrsla um innra mat skólaárið 2023-2024

22. ágúst 2024 / Matsteymi um innra mat tók saman

Efnisyfirlit

Matssamantekt	2
Rýnihópar nemenda um vinnustofur – haust 2023	2
Áfangakönnun – haust 2023	2
Nýnemakönnun – haust 2023	2
Stofnun ársins – haust 2023	3
Þjónustukönnun – vor 2024	3
Áfangakönnun – vor 2024	3
Inngangur	4
Innra mat Menntaskólans á Ísafirði.....	4
Innra mat skólaárið 2023-2024	4
Hlutverk, markmið og stefna.....	4
Kannanir og annað mat	6
Rýnihópar nemenda um vinnustofur – haust 2023	6
Áfangakönnun – haust 2023	8
Nýnemakönnun – haust 2023	11
Stofnun ársins – haust 2023	14
Þjónustukönnun – vor 2024	17
Áfangakönnun – vor 2024	20
Tölulegar upplýsingar	23
Lokaorð.....	27
Heimildir	28
Viðauki.....	29
Nýnemakönnun – haust 2023	29
Þjónustukönnun – vor 2024	35

Matssamantekt

Rýnihópar nemenda um vinnustofur – haust 2023

Markmið: Hver er upplifun nemenda af vinnustofunum?

Aðferð: 15 nemendur í tveimur hópum af hverju ári bóknáms og verknáms tóku þátt í viðtali.

Helstu niðurstöður: Nemendur langflestir óánægðir með skyldumætingu. Þeir sem nýta þær myndu gera það áfram, þeir sem eru í árekstri / fjarnámi nýta þetta ágætlega. Gott að hafa minna heimanám (af þeim sem nýta þær), en truflun í vinnustofum óþægileg (hjá þeim sem nýta þær ekki). Tímasetningar vinnustofa eru góðar eins og þær eru.

Tillögur að umbótum: Minnka skyldumætingu í vinnustofur. Bjóða upp á vinnustofu á bókasafni.

Áfangakönnun – haust 2023

Markmið: Að fá fram viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum MÍ.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: 630 svör bárust sem er 39,1% svarhlutfall, þar af voru 85% dagskólanemendur og 15% fjarnemar. 59% nemenda telur vinnuálag hæfilegt. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns.

Tillögur að umbótum: Til að tryggja næst betri þátttöku í áfangakönnun þurfa allir kennarar að fá sérstaka áminningu á kennara- eða starfsmannafundi að láta nemendurna sína svara þessari könnun í kennslu hjá sér.

Nýnemakönnun – haust 2023

Markmið: Að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorf þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Meirihluta nemenda liður vel í skólanum. Margir nýnemar meta vinnuálagið of mikið.

Tillögur að umbótum: Það verður að koma í veg fyrir að nemendur drekki áfengi á nýnemaballinu. Betur þarf að kynna fyrir nemendum hversu mikil vinna liggur bak við hverja einingu eða við hvern áfanga samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Niðurstöður í þessari nýnemakönnun sýna mjög skýrt að nýnemar okkar eru með ranghugmyndir um vinnuálagið í námi við skólann.

Stofnun ársins – haust 2023

Markmið: Að kanna starfsanda og starfsumhverfi MÍ.

Aðferð: Rafræn könnun lögð fyrir af Gallup.

Helstu niðurstöður: MÍ fékk sérstaka viðurkenningu „Fyrirmyndastofnun“ og var í 2. sæti í sínum flokki. Af fimm verstu einkunnum er mest óánægja starfsmanna tengd þættinum „vinnuskilyrði“ (lýsing, loftgæði, hljóðvist).

Tillögur að umbótum: Kanna þarf nánar hvað er nauðsynlegt að gera til að bæta vinnuskilyrði í Menntaskóla á Ísafirði, sérstaklega varðandi lýsingu, loftgæði og hljóðvist. Því er beint til stjórnenda.

Þjónustukönnun – vor 2024

Matsspurning: Hvert er viðhorf nemenda MÍ til þjónustu og húsnæðisaðstæðna við skólann?

Aðferð: Rafræn könnun í Innu.

Helstu niðurstöður: Langflestir nemendur MÍ eru ánægðir hvað varðar starfsfólk, þjónustu og húsnæðisaðstæður skólans.

Gagnlegar ábendingar komu fram í textasvörunum og eru þær taldar upp í kafla um þjónustukönnun vorannar 2024 (undirkafla „Niðurstöður“) hér í skýrslunni.

Tillögur að umbótum: Tillögur að umbótum eru taldar upp í kafla um þjónustukönnun vorannar 2024 (undirkafla „Tillögur“) hér í skýrslunni.

Áfangakönnun – vor 2024

Markmið: Að fá fram viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum MÍ.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: 533 svör bárust sem er 36,4% svarhlutfall, þar af voru 82% dagskólanemendur og 18% fjarnemar. 71% nemenda telur vinnuálag hæfilegt eða lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna en þó komu ýmsar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og svörin voru einnig nýtt í starfsmannaviðtölum.

Tillögur að umbótum: Til að tryggja betri þátttöku í næstu áfangakönnun þyrftu allir kennarar að fá sérstaka áminningu á kennara- eða starfsmannafundi um að láta nemendurna sína svara þessari könnun í kennslu hjá sér.

Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, lðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir nemendur með fötlun er starfrækt við skólann.

Við upphaf haustannar 2023 voru alls 448 nemendur skráðir í skólann. 262 voru í fjar- og dreifnámi og 184 í dagskóla. Brottfall á haustönn var 7,4%

Við upphaf vorannar 2024 voru 432 nemendur skráðir í nám við skólann. 261 voru í fjar- og dreifnámi og 171 í dagskóla. Brottfall á vorönn var 9,6%.

Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

Innra mat skólaárið 2023-2024

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2023-2024 sátu Dóróthea Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðjón Torfi Sigurðsson stærðfræðikennari og sviðsstjóri raungreina og Stefan Gunther þýskukennari.

Stefnt er að því að matsverkefni og matsspurningar tengist þeim markmiðum skólans sem snúa að kennslu og námi. Kennslukannanir voru gerðar á báðum öðrum til að kennarar gætu rýnt í eigin kennslu og fengið ábendingar frá nemendum. Á haustönn var gerð könnun meðal nýnema skólans um námið. Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* hafa undanfarin ár verið nýttar í skýrslu skólans um innra mat. Könnunin var að þessu sinni lögð fyrir í nóvember 2023. Á haustönn voru tekin viðtöl við rýnihópa nemenda um vinnustofur. Viðtölunum var ætlað að varpa mynd á upplifun nemenda af breytingu á stundatöflu sem gerir ráð fyrir vinnustofum til heimanáms innan skóladagsins. Á vorönn var lögð þjónustukönnun fyrir nemendur skólans til að fá fram viðhorf þeirra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans. Þá voru teknar saman tölulegar upplýsingar um brottfall úr áföngum, einkunnadreifingu og viðveru nemenda bæði á haust- og vorönn.

Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra

nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni undir heitinu Samland, til að auka fjölbreytni náms við skólann. Auk þess sem gott samstarf er við fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum vegna verk- og starfsnáms. Þá er einnig samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða sérstaklega er varðar raunfærnimat og undirbúning eldri nemenda fyrir frekara nám í verk- og starfsgreinum.

Mí setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Markmiðin snúa að kjarnastarfsemi skólans og rekstri skólans. Nánar má lesa um markmiðin og leiðir að þeim í ársskýrslu skólans fyrir árið 2023 og finna má á heimasíðu skólans misa.is

Kannanir og annað mat

Rýnihópar nemenda um vinnustofur – haust 2023

Markmið

Markmið þessarar rýnihópavinnu var í fyrsta lagi að kanna viðhorf nemenda í dagskóla MÍ til vinnustofanna. Í öðru lagi áttu þessar ábendingar frá rýnihópunum að gefa skólastjórn hugmyndir fyrir mögulegar breytingar á fyrirkomulagi vinnustofa.

Aðferð við gagnaöflun

Þessi rýnihópavinna fór fram þann 12. október 2023. Rætt var í tveimur rýnihópum við nemendur af öllum kynjum. Nemendur voru ýmist á fyrsta, öðru eða þriðja námsári, bæði úr bóknámi og úr verknámi þannig að þetta var ekkert tilviljunarkennt úrtak. Tölvupóstur var sendur út á þátttakendurna. Boðið var 8 nemendum í hverjum hóp, fyrri hópurinn mætti kl. 13:10 og seinni hópurinn kl. 13:30. Hver hópur hittist í 20 mínútur í senn ásamt öllum þremur starfsmönnum úr sjálfsmatsnefnd. Í fyrri hópnum mættu allir 8 nemendur sem var boðið, í seinni hópnum mættu 7 nemendur og þar með tóku 15 nemendur þátt í þessu viðtali.

Eftirfarandi spurningarammi var notaður til að leiða samtölin áfram til þess að fá fram upplifun nemenda:

- Hvernig er upplifun þín af vinnustofum?
- Hvernig nýtast vinnustofurnar? / Hvað ertu að gera í vinnustofunum?
- Er munur eftir áföngum hvernig vinnustofurnar nýtast?
- Hvernig velur þú vinnustofurnar?
- Hvernig passa vinnustofurnar í stundatöflu? (vinnustofurnar eru á mánudögum kl. 11:50, á þriðjudögum kl. 11:00, á miðvikudögum kl. 11:50, á fimmtudögum kl. 13:10)
- Viltu hafa fleiri/færi vinnustofur?
- Annað sem þér dettur í hug um vinnustofurnar?

Niðurstöður

- Skyldumæting er almennt óvinsæl. Nefndu 1-2 vinnustofur væru nóg í hverri viku.
- Flest sem nýttu vinnustofur sammála um að þau myndu nýta þær áfram þótt ekki væri skylda að mæta.
- Þau sem eru í árekstri / fjarnámi nefna flest að v. nýtist ágætlega.
- Þeim sem nýta vinnustofur finnst gott að hafa minna heimanám. Þau sem nýta þetta ekki nefna truflun af öðrum, þægilegra að dreifa vinnunni.
- Nemendur nefndu að þau fari oft í ákveðna stofu, óháð kennara / fagi. Einstaka nefndu að þeir leituðu að þeim kennara sem gæti hjálpað þeim. Fæstir nýttu aðstoð kennara, frekar aðstoð frá samnemendum.
- Tímasetningar skipta ekki miklu máli, þessar tímasetningar sem eru virtust ágætær.
- Vinnufriður misjafn eftir kennurum (og nemendum hverju sinni).

Tillögur um umbætur

- Fækka skyldumætingu í viku niður í t.d. 2 en hafa áfram 3-4 í töflu.
- Bjóða upp á vinnustofu á bókasafni.
- Bjóða upp á vinnustofur í verklegum greinum.

Áfangakönnun – haust 2023

Markmið

Markmið þessarar könnunar var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ. Auk þess vill skólastjórn nota þessar kennslukannanir í starfsmannaviðtölum seinna á haustönn 2023.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi. Hún var aðgengileg nemendum skólans 30. október til 5. nóvember 2023. Allir nemendur fengu tölvupóst um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

Niðurstöður

Hver nemandi átti að svara þessari könnun fyrir hvern af sínum áföngum þannig að samanlagt hefði verið hægt að fá 1608 svör. Við könnuninni bárust 630 svör, og þar með var þátttakan 39,1%.

Heiti:	Áfangakönnun haust 2023
Undirskóli:	DAG
Önn:	20232
Lagt fyrir:	Hópa
Búið að birta:	Já
Hefst:	30.10.2023 09:00
Lýkur:	05.11.2023 23:00
Fjöldi hópa:	103
Fjöldi sem lagt er fyrir:	1608
Fjöldi svara:	630

Mynd 1. Þátttakan í áfangakönnun á haustönn 2023.

Af þeim sem svöruðu voru 85% dagskólanemar og 15% fjarnemar.


Ertu í dagskóla eða í fjarnámi?

1. Dagskóla 85% (534/627)
2. Fjarnámi 15% (93/627)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 627 af 630

Svarhlutfall: 100%



Mynd 2. Hlutfall dagskólanema og fjarnema af þátttakendum í áfangakönnun á haustönn 2023.

Yfir helmingur svarenda (59%) telur vinnuálag hæfilegt.

Hvernig finnst þér vinnuálagið í þessum áfanga? Athugaðu að í 5 eininga áfanga er gert ráð fyrir 4 kennslustundum og u.þ.b. 3 klst. af heimanámi vikulega.

1. (5) Mjög mikið 8% (51/627)
2. (4) Mikið 24% (149/627)
3. (3) Hæfilegt 59% (373/627)
4. (2) Lítið 7% (41/627)
5. (1) Mjög lítið 2% (13/627)


Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 627 af 630

Svarhlutfall: 100%

Meðaltal: 3,29

Staðalfrávik: 0,79



Mynd 3. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á haustönn 2023.

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin, svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

Þátttakan í einhverjum áföngum að svara þessari könnun var ekki nógu góð. Auk hvatningarpósta þarf að ítreka við næstu áfangakönnun á kennara- eða starfsmannafundi að kennarar láta

nemendurna sína svara áfangakönnun í kennslu. Það þýðir að nemendur fái u.þ.b. tíu mínútur í einhverri kennslustund hjá hverjum kennara til að fara í Innu og svara áfangakönnun.

Nýnemakönnun – haust 2023

Markmið

Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorfum þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferð við gagnaöflun

Nýnemakönnun var búin til rafrænt í Innu og var opin þar frá 13. til 17. nóvember 2023. Könnunin náði til nemenda sem fæddir eru 2007 og hófu nám við MÍ haustið 2023. Til að tryggja hátt svarhlutfall var tími tekinn frá í kennslustund í áfanganum NÁSS1NN03 þann 14. nóvember til að láta nemendur svara könnuninni í kennslu.

Niðurstöður

Af 56 nýnemum við MÍ á þessari haustönn 2023 svöruðu 45 nemendur könnuninni og var svarhlutfallið þar með 80% (2022 = 88%).

Heiti:	Nýnemakönnun haust 2023
Undirskóli:	DAG
Önn:	20232
Lagt fyrir:	Nemendur
Hefst:	13.11.2023 09:00
Lýkur:	17.11.2023 23:00
Fjöldi sem lagt er fyrir:	56
Fjöldi svara:	45

Mynd 4. Samantekt nýnemakönnunar á haustönn 2023.

Niðurstöðurnar í heild í þessari nýnemakönnun haust 2023 eru jákvæðar og sýna ánægju nýnema í MÍ og hvað starfsfólkið skólans stendur sig vel. Hægt er að skoða allar tölur nánar í viðhengi í þessari skýrslu.

84% (2022 = 93%) af nýnemum fannst móttaka á nýnemadegi þann 21. ágúst 2023 góð eða mjög góð. Meirihluti eða 67% (2022 = 67%) segir að þeim hafi þótt nýnemaballið gott eða mjög gott; í einhverjum textasvörum kemur fram að einhverjir nemendur hefðu verið ölváðir á ballinu. Bara 13% (2022 = 16%) nýnema mættu ekki á ballið sem þýðir að 87% (2021 = 84%) tóku þátt sem er fín mæting. Almenn ánægja virðist vera með nýnemaferðina sem var í þetta skipti dagsferð til Dynjanda, á skrímslasafnið á Bíldudal og í sund á Patreksfirði þann 30. ágúst 2022, en 71% (2022 = 78%) segja að þeim hafi þótt hún góð eða mjög góð.

36% nýnema fara inn á Innu á hverjum degi (2022 = 30%) og 40% í hverri viku (2022 = 48%). Meirihluti nýnema notar Moodle mjög vel. 86% (2022 = 86%) nemenda fara inn á Moodle á hverjum degi, 85% (2022 = 93%) segja að það gangi mjög vel eða vel að vinna á Moodle, 7% (2022 = 2%) segja að það gangi illa. Það er eðlilegt að nemendur nota Innu minna en Moodle enda er Moodle námsvefur þar sem

verkefni eru lögð fyrir og samskipti fara fram við kennara, en í Innu er utanumhald um námsferla nemenda. Spurt var hvort foreldrar/forsjáraðilar nýnema skoðuðu Innu og Moodle og segja 42% (2022 = 53%) svo vera en 44% (2022 = 30%) segjast ekki vita hvort svo sé.

Spurt var um vinnuálag í skólanum og fram kom að 42% (2022 = 50%) nýnema segja vinnuálagið mátulegt. 47% (2022 = 39%) allra nýnema upplifa mikið vinnuálag í skólanum og 9% (2022 = 5%) þykir vinnuálagið allt of mikið sem er samanlagt 56% (2021 = 44%). Þetta kemur á óvart af því að í spurningunni á eftir kemur fram að aðeins 18% (2022 = 18%) nemendanna verja 7 klukkustundum eða fleiri í heimanám á viku. 42% (2022 = 34%) nýnema verja 1-3 klukkustundum í heimanám á viku og 31% (2022 = 39%) þeirra nýta í það 4-6 klukkustundir. Í þessu samhengi passar vel að fara strax nokkrum spurningum áfram í nýnemakönnunni – nefnilega þangað þar sem nemendur svara spurningum um vinnu með skóla og tómstundir. Þar kemur fram að 44% (2022 = 50%) nemenda vinna ekki með skólanum; það eru kannski þessi 42% sem svöruðu fyrr að vinnuálagið er mátulegt. Svo eyða 39% (2022 = 61%) nýnema 7 klukkustundum eða fleiri á viku á íþróttæfingum / í listnámi / í björgunarsveitaræfingum. Í svörum um svefn kemur fram að bara 20% (2022 = 23%) nýnema sofa að meðaltali 8 eða fleiri klukkustundir á nóttunni.

Ef við færum okkur aftur til baka í nýnemakönnunni og skoðum svörin varðandi umsjónarkennarann kemur fram að 98% (2022 = 86%) nýnema hafa farið í viðtal til umsjónarkennarans og 76% (2022 = 93%) þeirra fannst mjög gott eða gott að hitta umsjónarkennarann sinn.

45% (2022 = 66%) svarenda segjast hafa nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og 84% (2022 = 93%) segjast vita hvernig hægt er að bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

60% (2022 = 86%) nýnema telja upplýsingaflæði frá skólanum gott eða mjög gott.

Svo segjast núna 27% (2022 = 34%) nýnema borða í mötuneytinu alla daga vikunnar og 22% (2022 = 27%) segjast borða þar 2-3 daga í viku. Bara 9% (2021 = 7%) nýnema segist aldrei hafa borðað í mötuneytinu.

Farið er beint yfir spurningarnar um vinnu með skóla og tómstundastarf sem var skrifað um hér áður.

98% (2022 = 100%) nýnema eiga vini í MÍ og 100% (2022 = 91%) þeirra hafa eignast nýja vini hér í skólanum. Varðandi líðan nemenda segja 80% (2022 = 91%) nemenda að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. 16% (2022 = 9%) segja að sér líði hvorki vel né illa og 4% (2022 = 0%!!) segja að sér líði illa.

Tillögur um umbætur

Helst í samvinnu með foreldrafélaginu verður að tryggja að nemendur drekka ekki áfengi á nýnemaballinu.

Það sem kemur áberandi illa út í þessari nýnemakönnun er að nemendum finnst vinnuálagið í skólanum of mikið. Það er eitthvað sem við þurfum að útskýra betur fyrir nemendum, sérstaklega með tillit til kröfurnar í aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem stendur:

„Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemenda. Öll vinna nemenda í fullu námi veitir 60 framhaldsskólaeiningar (fein.) á einu skólaári eða 30 einingar á önn. Ein framhaldsskólaeining samsvarar 18 til 24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, það er að segja þriggja daga vinnu nemenda

ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda.”¹

Þessar 18 til 24 klukkustundir á önn samkvæmt aðalnámskrá fyrir eina einingu eru 90-120 klst fyrir fimm einingar á önn. Og önnin hefur u.þ.b. 16 kennsluvikur (jafnvel ennþá færri af því að einhverjir frídagar eru þar á milli) sem þýðir að það eru 6-8 klst (sem inniheldur kennslustundirnar í skóla) fyrir fimm eininga áfanga á viku. Sem sagt, 6-8 klst á viku fyrir fimm einingar. Drögum við kennslustundirnar frá þessu eru u.þ.b. 2-4 klst eftir fyrir heimanám á viku í einum 5-eininga áfanga. Ef nemandi er í sex 5-eininga áföngum (= 30 einingar á önn) þá er allt frá 12 upp í 24 klst á viku mátulegur tími fyrir heimanám samkvæmt aðalnámskrá. Jafnvel ef tekin er alveg lægsta talan af þessu bili (12 klst á viku) sem hámark þýðir það að spurningin okkar í nýnemakönnun um klukkustundir á viku í heimanám („0“ --- „1-3“ --- „4-6“ --- „7-9“ --- „10 eða fleiri klukkustundir“) endurspeglar ekki kröfurnar í aðalnámskrá. Það ættu að standa hærri tölur í könnunni þar sem 12 klst sem ásættanlegur tími (sem sagt, lægsta talan og þar með lágmark af þessu bili 12-24 klst á viku samkvæmt aðalnámskrá) kemur fram sem meðaltal eins og t.d.: „0-5“ --- „6-10“ --- „11-15“ --- „16-20“ --- „fleiri en 20 klukkustundir“. Út frá þessum tölum þurfum við að kynna fyrir nemendum miklu betur í skólastarfinu hversu mikil vinna liggur bak við hvern áfanga á viku.

Það þýðir að niðurstöður í þessari könnun sýna mjög skýrt að nýnemar okkar eru með ranghugmyndir um vinnuálagið í þessu námi. Í þessu samhengi er mikilvægt og örugglega mjög áhugavert að bera saman nýnemakönnun og áfangakönnun hvað vinnuálagið varðar. Í áfangakönnun í kaflanum á undan hér í þessari skýrslu sést mjög vel að eldri nemendur meta vinnuálagið alveg öðruvísi; þar er nefnilega spurt sömu spurningu fyrir alla árganga saman og bara 32% allra nemenda í skóla segja að vinnuálagið er mikið eða of mikið, og vegna þess að þessi tala í áfangakönnun inniheldur nýnema líka sem segja samkvæmt nýnemakönnun hér að vinnuálagið er svo mikið sést að tiltölulega fáir eldri nemendur meta vinnuálagið of mikið.

Við þurfum að ræða í matsteymi um innra mat hvort spurninguna um vinnuálag ætti að fjarlægja úr nýnemakönnun yfirhöfuð af því að svörin eru svo hugræn. Mikilvægt varðandi álagið er að finna út hversu mikið nemendurnir virkilega gera fyrir skólann og það sýna klukkustundir á viku betur en almenn spurning um vinnuálag.

¹ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 – almennur hluti, Stjórnarráð Íslands, bls. 50
([https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola 2 utg breyt 2015 .pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola%20utg%20breyt%202015.pdf))

Stofnun ársins – haust 2023

Markmið

„Tilgangur könnunarinnar er tvíþættur: Í fyrsta lagi er tilgangurinn að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Könnunin veitir stjórnendum upplýsingar um hvað er vel gert og hvað megi bæta frá sjónarhóli starfsfólksins og gerir stjórnendum þannig kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi og stjórnun. Í öðru lagi er tilgangurinn að velja Stofnun ársins og gefa þannig þeim stofnunum viðurkenningu sem skara fram úr í mannauðsmálum.“²

Aðferð við gagnaöflun

Starfsfólk í a.m.k. 20% starfi sem hefur starfað við MÍ í þrjá mánuði eða lengur þegar könnunin var lögð fyrir var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsfólk fékk tölvupóst frá Gallup í lok október 2023 með slóð til að svara á netinu þessari könnun sem var svo opin frá 25. október til 4. desember 2023.³

Niðurstöður

Í flokki meðalstórra stofnana (40 til 89 starfsmenn) var Menntaskólinn á Ísafirði í þetta skipti í öðru sæti (2022 var MÍ í 15. sæti stofnanna með 5 til 39 starfsmenn) og þar með „Fyrirmyndastofnun“ í könnun um Stofnun ársins.^{4 5 6} Skólinn fékk í því tilefni viðurkenningarspjald sem Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari tók á móti á Hótel Hilton Nordica í Reykjavík þann 15. febrúar 2024. Þetta er mjög ánægjulegt líka vegna þess af því að það er í annað skipti í röð að MÍ fær sérstaka viðurkenningu; MÍ var „Hástökkvari ársins“ í könnun um Stofnun ársins 2022.^{7 8}

Svarhlutfall starfsmanna MÍ í könnun um Stofnun ársins var á bili 80-100%⁹; nákvæmari tala er ekki lengur birt af Gallup (var 87% árið 2022).

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknir saman þættir sem eru metnir í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

² Könnunin Stofnun ársins 2023 er hafin, Gallup (<https://www.gallup.is/fyrirtaeki-og-stofnun-arsins/>), sótt 26. febrúar 2024

³ Könnunin Stofnun ársins 2023 er hafin, Gallup (<https://www.gallup.is/fyrirtaeki-og-stofnun-arsins/>), sótt 26. febrúar 2024

⁴ Stofnun ársins 2023, Sameyki, bls. 5 (<https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2023-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202023.pdf>), sótt 26. febrúar 2024

⁵ Menntaskólinn á Ísafirði í 2. sæti sem stofnun ársins, Bæjarins Besta, 16. febrúar 2024 (<https://www.bb.is/2024/02/menntaskolinn-a-isafirdi-i-2-saeti-sem-stofnun-arsins/>), sótt 26. febrúar 2024

⁶ MÍ í 2. sæti meðalstórra stofnana í Stofnun ársins 2023, misa.is (https://misa.is/frettir/MI_i_2_saeti_medalstorra_stofnana_i_Stofnun_arsins_2023/), sótt 26. febrúar 2024

⁷ Hástökkvari ársins í Stofnun ársins, misa.is (https://misa.is/frettir/Hastokkvari_arsins_i_Stofnun_arsins/), sótt 26. febrúar 2024

⁸ Stofnun ársins 2022, Sameyki, bls. 5 ([https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2022-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202022-netid%20\(1\).pdf](https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2022-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202022-netid%20(1).pdf)), sótt 26. febrúar 2024

⁹ Stofnun ársins 2023, Sameyki, bls. 16 (<https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2023-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202023.pdf>), sótt 26. febrúar 2024

Þáttur	Einkunn MÍ¹⁰ (breyting frá 2022)	Stofnanir í sama flokki (framhalds- og háskólar)¹¹	Allar stofnanir¹²
Stjórnun	4,75 (+0,13)	4,28	4,17
Starfsandi	4,67 (+0,11)	4,38	4,31
Launakjör	3,89 (+0,21)	3,41	3,22
Vinnuskilyrði	4,17 (+0,14)	4,09	3,93
Sveigjanleiki vinnu	4,28 (–0,07)	4,16	4,29
Ímynd stofnunar	4,51 (+0,12)	4,24	3,90
Sjálfstæði í starfi	4,44 (–0,01)	4,47	4,26
Ánægja og stolt	4,64 (–0,03)	4,46	4,28
Jafnrétti	4,64 (+0,13)	4,47	4,34
Heildarmat	4,48 (+0,09)	4,24	4,10

Tafla: Meðaleinkunn MÍ á þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.

Einkunnir MÍ hafa hækkað í næstum því öllum þáttum í samanburði við síðustu Stofnun ársins könnunina 2022, og í öllum þáttum er MÍ hærri en meðaltal stofnanna í sama flokki, og einungis í þættinum „Sjálfstæði í starfi“ er MÍ aðeins lægri en meðaltal allra stofnanna.

Fimm hæstu einkunnir stofnunar:¹³

- Á mínum starfsstað/vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja. = 4,90 (+0,19¹⁴)
- Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils. = 4,90 (+0,14)
- Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda. = 4,87 (+0,13)
- Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar. = 4,83 (+0,09)

¹⁰ Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2023 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 5 (Helstu niðurstöður – Þættir); Gallup

¹¹ Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2023 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 4 (Helstu niðurstöður – Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki); Gallup

¹² Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2023 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 4 (Helstu niðurstöður – Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki); Gallup

¹³ Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Stofnun ársins 2023 – Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 6 (Helstu niðurstöður – Fimm hæstu og lægstu einkunnir); Gallup

¹⁴ Tölur í svíga sýna hækkuð eða lækkun í samanburði við sömu spurningar í síðustu könnun MÍ um Stofnun ársins 2022; t.d. „+0,19“ í svígu þýðir að með 4,90 liggur MÍ 0,19 prósentustigi hærra en 4,71 sem var niðurstaðan í könnun MÍ um Stofnun ársins 2022. Það er mikilvægt að nefna hér af því að í samræmi við skýrsluna frá Gallup hefur það hingað til verið öðruvísi í skýrslum um innra mat MÍ. Á árum áður sýndu þessar tölur í svígu í þessum hluta skýrslunnar mun á meðaltali stofnunar (MÍ) og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki (framhalds- og háskólar); t.d. „+0,51“ í svígu þýddi að með 4,79 lá MÍ 0,51 prósentustigi hærra en 4,28 sem er meðaltal stofnana í sama stofnanaflokki. Þessi breyting hér í skýrslunni er í samræmi við breytingar í skýrslu Gallups.

- Á mínum starfsstað/vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynja. = 4,80 (+0,21)

Fimm lægstu einkunnir stofnunar:

- Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma? = 3,00 (+0,03)
- Ánægja með lýsingu. = 3,67 ($\pm 0,00$)
- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar. = 3,75 (+0,02)
- Ánægja með loftgæði. = 3,79 (+0,24)
- Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu). = 3,86 (+0,16)

Tillögur um umbætur

Þrjár af fimm lægstu einkunnum snúast um vinnuaðstæður (lýsingu, loftgæði, hljóðvist), ánægjulegt er samt að tvær af þessum þremur einkunnum hafa hækkað í samanburði við síðustu könnun um Stofnun ársins 2022.

Þjónustukönnun – vor 2024

Markmið

Matsteymi um innra mat vildi kanna viðhorf nemenda til þjónustu og húsnæðisaðstæðna við skólann til að bæta úr því sem getur farið betur.

Aðferð við gagnaöflun

Allir nemendur MÍ áttu á vorönn 2024 að svara könnun í gegnum kennsluumhverfið Innu. Nemendurnir fengu tölvupóst frá aðstoðarskólameistarannum. Þjónustukönnun var opin í Innu frá 12. til 23. febrúar 2024. Þann 12. febrúar fóru starfsmenn úr sjálfsmatsnefnd í allar vinnustofur til að láta nemendur svara þessari könnun í Innu. Svo fengu nemendurnir nokkrum sinnum ítrekun með tölvupósti til að hækka svarhlutfall fjarnema og líka til að ná í þessa dagskólanema sem höfðu ekki verið á vinnustofum þann 12. febrúar.

Spurningar og svör þessarar þjónustukönnunar er hægt að skoða nánar í viðauka hér í lok skýrslunnar. Fyrst áttu nemendurnir að svara tveimur almennum spurningum (á hvaða ári og í hverskonar námi þeir væru við MÍ). Svo fylgdu spurningar um 17 atriði (um fjarnámsstjórnun/áfangastjórnun, námsráðgjafann, ritarann, skólameistarann, aðstoðarskólameistarann, fjármálastjórnun, húsvörðinn, bókasafnið/bókasafnsvörðinn, heimavistina/vistarvörðinn, Gryfjuna, salerni, mötuneytið/starfsfólk mötuneytis/matinn, heimasíðu, ReadSpeaker á Moodle, Facebook síðu, Instagram síðu, lánstölvur skólans). Við öll þessi 17 atriði var hægt að svara á tvenns konar hátt – með valmöguleikum og sem textasvar. Í lokin er ein opin spurning þar sem nemendur gátu bætt við einhverju sem hafði ekki komið fram í spurningunum á undan.

Niðurstöður

Af 444 nemendum sem voru í námi á vorönn 2024 svöruðu 155 nemendur þessari þjónustukönnun. Þar með var svarhlutfall 35% (síðasta þjónustukönnun í vor 2022 = 27%). Í raun er þetta svarhlutfall ennþá minna af því að einhverjir af þessum 155 nemendum sem tóku þátt svöruðu ekki öllum spurningum; það þýðir að við enga spurningu eru 155 svör.

Heiti:	Þjónustukönnun MÍ vorið 2024
Undirskóli:	DAG
Önn:	20241
Lagt fyrir:	Nemendur
Hefst:	12.02.2024 08:00
Lýkur:	23.02.2024 23:00
Fjöldi sem lagt er fyrir:	444
Fjöldi svara:	155

Yfirhöfuð er þátttakan í þessari könnun því miður alltof lág til að fá áreiðanlega mynd af þjónustu MÍ. Nokkrar góðar ábendingar koma samt fram í textasvörunum.

Yfirgnæfandi meirihluti nemenda er mjög ánægður eða nokkuð ánægður með starfsfólk MÍ.

Fáir nemendur nota bókasafn MÍ. Í textasvörum um bókasafnið kemur fram að einhverjir nemendur átta sig ekki á því að þar á að vera hljótt og tala ekki hátt. Einhvern veginn þarf að koma skýrari skilaboðum til nemenda sem eru á bókasafninu að þetta er svæði þar sem á að vera ró og næði til að vinna og ekki einhverskonar „Gryfjan nr. 2“. Ein hugmynd kom fram í textasvörum að hengja upp nokkur skilti að minna nemendur á það.

Í textasvörum um heimavistina kom fram að þar þarf að fylgjast betur með hávaða og umgengni; auk þess þarf nettenging að vera betri.

Varðandi Gryfjuna komu svör að opnunartími gryfjuspjoppunar þyrfti að vera lengri, þar ættu að vera fatahengi við borðin af því að margir nemendur hengja ekki fötin sín í fatahengið við innganginn. Svo er óskað eftir poolborð og upphíingarstöng.

Varðandi salernin kom oftast fram í textasvörunum að þar mætti oftast fylla á pappír (klósettpappír, en sérstaklega handþurrkunarpappír) og að þar þyrfti að vera snyrtilegra. Svo var nefnt að þar ætti að vera meiri úrval af tíðavörum, karla- og kvennaklósett ættu að vera sér, fólk væri að veipa eða reykja þar og sápan þyrfti að vera betri.

Langflestir af þessum nemendum sem fara í mötuneytið til að borða eru mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir með matinn þar. Einhverjir nemendur svöruðu að þeim finnst maturinn í mötuneyti of dýr og að matartíminn ætti að vera lengri.

Flestir nemendur eru ánægðir með heimasíðu MÍ, og í textasvörunum um hana kom ekkert neikvætt fram og engin ábending um hvað þyrfti að bæta.

Varla einhverjir nemendur nota ReadSpeaker í Moodle. Út frá þessum niðurstöðum er spurning hvort það þarf ReadSpeaker yfirleitt í Moodle.

Mjög fáir nemendur (1% daglega + 14% nokkrum sinnum á viku) nota Facebook síðu skólans reglulega og u.þ.b. þriðjungur nemenda (31%) vissi ekki einu sinni að skólinn er með Facebook síðu.

40% nemenda (9% daglega + 31% nokkrum sinnum á viku) nota Instagram síðu skólans reglulega. Hinsvegar svöruðu 26% nemenda að þeir vissu ekki að MÍ væri með Instagram síðu.

Örfáir nemendur (2% í hverri viku + 1% nokkrum sinnum á önninni) nota lánstölvur skólans.

Í almennum ábendingum í lok þjónustukönnunar kom aftur fram ósk um poolborð og upphíingarstöng (þetta stóð áðan líka í textasvörum um Gryfjuna), matartíminn þyrfti að vera lengri, fyrirmæli fyrir verkefni í Moodle þyrftu alltaf að vera skýr og að maturinn í mötuneyti væri of dýr.

Tillögur um umbætur

Við bókasafnið þarf að hengja upp nokkur skilti til að minna nemendur á að á þessu svæði á að vera ró og næði og ekki hafa hátt.

Á heimavist þarf að fylgjast betur með hávaða og umgengni.

Gryfjuspjoppa þyrfti að vera með lengri opnunartíma. Fatahengi, poolborð og upphíingarstöng ættu að vera í Gryfjunni.

Alvarlegt mál er að einhverjir nemendur veipa eða jafnvel reykja á klósettum. Skólastjórnin þarf í samvinnu með nemendafélagið að koma í veg fyrir því. Á salernum þarf að athuga oftast hvort klósettpappír og sérstaklega handþurrkunarpappír er til. Þar þyrfti líka að vera snyrtilegra. Kanna þarf

hvaða tegundir af tíðavörum stelpurnar nota helst til að e.t.v. breyta úrval af tíðavörum á salernum. Kanna þarf líka hvort meirihluti nemenda eða einfaldlega hversu margir nemendur vilja að kvenna- og karlklósett á að vera sér. Svo óska sér einstakir nemendur betri sápu.

Kanna þarf hvort fjárhagslegur möguleiki er til staðar að lækka verð fyrir matinn í mötuneyti. Matartíminn í hádeginu þyrfti að vera lengri.

Skólinn ætti ekki að nota Facebook síðu sína fyrir upplýsingar eða til að skipuleggja atburði af því að mjög fáir nemendur nota hana.

Vegna þess að mjög fáir nemendur nota lánstölvur skólans þarf að kanna nánar hversu margir nemendur það eru og í kjölfarið er kannski hægt að fækka lánstölvum skólans.

Áfangakönnun – vor 2024

Markmið

Markmið þessarar könnunar var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ. Auk þess vill skólastjórn nota þessar kennslukannanir í starfsmannaviðtölum seinna á vorönn 2024.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi. Hún var aðgengileg nemendum skólans 3.-9. apríl 2024. Allir nemendur fengu tölvupóst um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

Niðurstöður

Hver nemandi átti að svara þessari könnun fyrir hvern af sínum áföngum þannig að samanlagt hefði verið hægt að fá 1464 svör. Við könnuninni bárust 533 svör, og þar með var þátttakan 36,4%.

Heiti:	Áfangakönnun vor 2024
Undirskóli:	DAG
Önn:	20241
Lagt fyrir:	Hópa
Búið að birta:	Já
Hefst:	03.04.2024 08:00
Lýkur:	09.04.2024 23:00
Fjöldi hópa:	93
Fjöldi sem lagt er fyrir:	1464
Fjöldi svara:	533

Mynd 1. Þátttakan í áfangakönnun á vorönn 2024

Af þeim sem svöruðu voru 82% dagskólanemar og 18% fjarnemar.


Ertu í dagskóla eða í fjarnámi?

1. Dagskóla **82%** (425/521)
2. Fjarnámi **18%** (96/521)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 521 af 533

Svarhlutfall: 98%



Mynd 2. Hlutfall dagskólanema og fjarnema af þátttakendum í áfangakönnun á vorönn 2024

Tæplega tveir þriðju svarenda (65%) telja vinnuálag hæfilegt.

Hvernig finnst þér vinnuálagið í þessum áfanga? Athugaðu að í 5 eininga áfanga er gert ráð fyrir 4 kennslustundum og u.þ.b. 3 klst. af heimanámi vikulega.

1. (5) Mjög mikið **7%** (38/527)
2. (4) Mikið **22%** (118/527)
3. (3) Hæfilegt **65%** (342/527)
4. (2) Lítið **5%** (25/527)
5. (1) Mjög lítið **1%** (4/527)


Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 527 af 533

Svarhlutfall: 99%

Meðaltal: 3,31

Staðalfrávik: 0,7



Mynd 3. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á vorönn 2024

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna en þó voru margvíslegar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Til dæmis um endurgjöf á verkefnum eða prófum, hraða yfirferðar og fleira. Svörin voru einstaklingsbundin, svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

